

ISU Olympic Development Project 2018-2021 (ODP)

Skautasamband Íslands, ÍSS, óskar eftir umsóknum um þátttöku í þróunarverkefni fyrir þjálfara.

Kröfur sem þarf að uppfylla til þess að geta sótt um:

- Hafa náð 20 ára aldri
- Hafa lokið þjálfaramenntun hjá ÍSÍ
- Hafa lokið sérgreinanámi 1 a, b og c hjá ÍSS
- Hafa þjálfað í 2 ár skautara sem keppa á ÍSS mótum

Ekki er gerð krafa um reynslu í ísdansþjálfun.

Umsóknareyðublað sem fylgir þarf að fylla út og senda til ÍSS ásamt ferilskrá, info@iceskate.is, eigi síðar en 1.mars nk.

Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Öllum umsóknum verður svarað.

Finnska skautasambandið (FFSA) í samvinnu við Alþjóða skautasambandið (ISU) skipuleggja fjögurra ára þróunarverkefni fyrir þjálfara, einstaklingsskautara og ísdansara. Verkefnið inniheldur árleg námskeið sem haldin eru í Vierumäki í Finnlandi.

Næsta námskeið er haldið 18.-23. maí 2020

Vegna breyttra aðstæðna getur Skautasamband Íslands sent fleiri þjálfara til viðbótar við þá sem fyrir taka þátt í verkefninu.

Þeir sem nú þegar eru þátttakendur munu halda áfram, eins og samið var um í upphafi.

Kostnaður:

Skautasamband Íslands mun greiða námskeiðsgjaldið fyrir samþykka þátttakendur.

Námskeiðsgjald er 360 Evrur á mann

- Innifalið í því er gisting og matur ásamt ferð á milli flugvallar í Helsinki og Vierumäki. (matur er frá kvöldmat á mánudegi, 28. maí, til hádegis á laugardegi, 23.maí)
- **EKKI er innifalinn ferðakostnaður til Helsinki frá Íslandi**

Fh. Stjórnar ÍSS

Guðbjört Erlendsdóttir

Guðbjört Erlendsdóttir